



Til Efnahags og Viðskiptanefndar Alþingis
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

30 nóvember 2020

Umsögn um frumvarp til laga um viðspyrnustyrki

Eins og í síðustu umsögn okkar um tekjufallsstyrki fögnum við þessu frumvarpi sem er ætlað að draga úr tjóni vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Það mun örugglega gagnast einstaklingum sem starfa í sviðslistum og tónlist sem hafa verið nær tekjulausir um 9 mánaða skeið auk ýmissa smærri fyrirtækja sem hafa þurft að loka sinni starfsemi eða draga hana verulega saman.


Þótt að þetta frumvarp og aðstoð stjórnvalda með lokunarstyrkjum, tekjufallsstyrkjum og hlutabótaleið gagnist mörgum þeirra sem starfa í listum og menningu er ljóst að 1. gr frumvarpsins útilokar að óhagnaðardrifið menningarfélag eins og okkar, sem rekur öflugt leikhús, sviðslistastarfsemi og leiklistarkennslu og hefur verið alveg tekjulaust síðan í mars fái stuðning frá stjórnvöldum. Ekki skiptir máli þótt að við séum með starfsmenn á launaskrá, greiðum verktakalaun til fjölda listamanna og greiðum virðisaukaskatt af veitingasölu. Það er rétt að óhagnaðardrifið menningarfélag greiða ekki tekjuskatt en ekki má gleyma því að allur hagnaður, ef einhver er, rennur til fjárfestingar í félögunum sjálfum, þeirra nærumhverfi til hagsbóta. Þessi félög greiða félagsmönnum sínum ekki arð. Dæmi um þessi félög eru t.a.m. Gaflaraleikhúsið og Tjarnarbíó á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni eru t.a.m. Leikhópurinn Lotta sem starfar um land allt, Frystiklefinn á Rífi, Kómedíuleikhúsið á Vestfjörðum og fjöldi minni hópa innan sjálfstæða sviðslistageirans.

Gaflaraleikhúsið á nú í ár 10 ára afmæli. Á þessum tíma hefur félagið byggt upp öflugt sjálfstætt leikhús og leiklistarkennslu og skipar sér nú í fremstu röð leikhúsa fyrir unga áhorfendur á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Þrátt fyrir að félagið hafi fengið stuðning frá Hafnarfjarðarbæ og Mennta- og Menningarráðuneytinu í gegnum árin þá hefur þetta aðeins tekist með þrotlausri vinnu þeirra sem standa að félaginu, góðu vali á leikverkum og listafólki og besta áhorfendahóp í heimi.

Síðustu 10 ár hefur félagið byggt upp gott „blackbox“ leikhús í Vikingastrætinu í Hafnarfirði, sett upp 12 verkefni fyrir um 70.000 börn, ungmenni og fjölskyldur. Leikhúsið veltir yfir 50 milljónum árlega. Síðasta leikár stefndi í að vera það besta frá upphafi og það voru því mikil vonbrigði að hætta sýningum á metsölusýningunni Mömmu Klíkk í mars. Algert tekjufall varð á einni viku. Það var þó huggun harmi gegn að stjórnvöld virtust ætla að koma til hjálpar og í apríl og maí var hægt að setja starfsmenn á hlutabótarleið. Það urðu því vonbrigði þegar leikhúsinu var ekki kleyft að fá þau eftir 1. júní og eins fengust engir lokunar- eða tekjufallsstyrkir. Vonbrigðin voru þó enn meiri þegar ljóst var að árangurinn sem náðist í baráttunni við Covid í vor var fyrir bí í haust og ekkert varð úr sýningum. Ljóst er orðið að róðurinn verður þungur á nýju ári og ekki er útséð hvort hægt verður að halda starfseminni áfram.

Það er öllum ljóst að sóttvarnaráðstafanir stjórnvalda hafa valdið okkur sjálfstæðu sviðslistahópunum og leikhúsunum miklu tjóni eins og mörgum öðrum. Sýningarstaðir okkar hafa verið lokaðir frá því í mars og sýningum og sýningaferðum um allt land hefur þurft að fresta eða þeim hætt. Tekjur hópanna og leikhúsana hafa verið nær engar á tímabilinu líkt og þeirra listamanna sem starfa á þeirra vegum. Það má heldur ekki gleyma því að sjálfstæðu hóparnir og leikhúsin eru ekki rekin fyrir almannafé nema að litlu leyti. Mest af okkar tekjum koma frá sölu aðgöngumiða og útleigu. Ljóst er að staða okkar er orðin afar bág og útlitið á næsta ári er svart.

Við höfum ekki fengið neina opinbera aðstoð fram að þessu því hlutabótaleið, lokunarstyrkir og tekjufallsstyrkir hafa ekki verið okkur opnir. Viðspyrnustyrkir til okkar gætu því gert útslagið um það hvort að við lifum af þessa tíma. Í ljósi þessa leggjum við því til að óhagnaðardrifnum félögum á launagreiðendaskrá verði einnig gert kleyft að sækja um viðspyrnustyrki og að breyting verði á 1. gr laganna.



Lárus Vilhjálmsson
Framkvæmdastjóri
Gaflaraleikhússins